

Frá 33. Evrópumótinu í bridge:

Svíar Evrópumeistarar eftir stórsigur gegn Ítölum í gær

EKKERT getur nú komið í veg fyrir sigur Svía í 33. Evrópumótinu í bridge sem fram fer í Danmörku þessa dagana. Svíar unnu Ítali í 19. umferð með 19 stigum gegn 1 og var leikurinn sýndur á sýningarstöflu. Sænska sveitin hefir hlotið 313 stig af 380 mögulegum og er það mjög góður árangur. Ítalir eru í öðru sæti með 275,5 stig og er einungis fræðilegur möguleiki að þeir geti náð Svíum að stigum.

Íslenska liðinu hefir gengið illa á mótinu, en hefur þó unnið tvo síðustu leiki. Í 18. umferð unnu þeir Pólverja 15—5 en ekki 20—0 eins og lesið var út úr óljósu fréttaskeyti í gær. Í 19. umferð vann íslenska sveitin þá finnsku með 16 stigum gegn 4. Ásmundur, Hjalti, Hörður og Þórarinn spiluðu þann leik. Í gærkvöldi átti að spila við Þjóðverja en í dag gegn Austurríkismönnum í síðustu umferð mótsins.

Staðan í mótinu eftir 19 umferðir af 21.

Svíþjóð 313, Ítalía 275,5, Danmörk 255, Ísrael 255, Noregur 243, Sviss 235, Ungverjaland 213, Bretland 211, Þýskaland 209,

Frakkland 200, Pólland 197, Írland 196, Holland 187, Belgía 183,5, Júgóslavía 171, Ísland 149, Austurríki 145,5, Grikkland 133, Finnland 95, Spánn 88, Tyrkland 72, Portúgal 52,5.

Það gæti orðið sárabót fyrir Ítali að vinna í kvennaflokknum en þar stefnir allt að sigri þeirra. Ítalska sveitin er með 209 stig af 260 mögulegum, brezka sveitin með 204 stig og Svíþjóð með 163 stig.

Íslandsmótið í handbolta:

Úrslit um næstu helgi

TVEIR leikir fóru fram í Íslandsmótinu í handknattleik utanhúss í gærkvöldi. Fram og Víkingur gerðu jafntefli, 14:14 og FH vann IR með 23 gegn 17. Allar líkur eru á því að Valur keppi annað hvort við Víking eða Fram í úrslitaleik mótsins á sunnudaginn kemur; en það ræðast í kvöld er fram fara þeir síðustu leikirnir í riðlakeppni mótsins.

Keppnin í kvöld hefst kl. 18 við Austurbæjarbarnaskólann og keppir Valur þá við Armann, Víkingur við HK og FH við Hauka.



Sýning á verkum borgarinnar að Kjarvalsstöðum

Í DAG föstudag kl. 4 verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á málverkum í eigu Reykjavíkurborgar. Á þessari sýningu eru verkin sett í lauslegt sögulegt samhengi, til að gefa gestum sýningarinnar nokkra mynd af þróun íslenskrar

myndlistar sl. 60 ár. Frá expressjónisma frumherjanna, gegnum kúbisma stríðsáranna, afstraktlist eftirstríðsáranna, raunsæi og loks nýjustu hræringar.

Aðalsteinn Ingólfsson, framkvæmdastjóri listráðs Kjarvals-

staða, Guðmundur Benediktsson og Gunnar Örn Gunnarsson önnuðust uppsetningu sýningarinnar, sem verður opin fram til 23. ágúst virka daga frá kl. 4—10 og um helgar frá kl. 2—10.

Aðgangur er ókeypis.

Svæðismót Zontaklúbbanna á Norðurlöndum haldið hér

DAGANA 12.—15. ágúst halda Zontaklúbbar á Norðurlöndum svæðismót sitt að hótel Loftleiðum í Reykjavík.

Zonta er alþjóðleg félagsamtök kvenna, sem gegna ábyrgðarstörfum í þjóðfélaginu. Aðalstöðvar samtakanna eru í Chicago.

Sambandið skiptist í 16 svæði með starfssvið við á heim. Norðurlöndin fimm mynda 13. svæði með 59 klúbba, þar af 3 á Íslandi, og samtals um 2200 félagskonur.

Á mótinu verða rædd félagsmál samtakanna. Ennfremur mun Sigurður Þórarinnsson prófessor flytja erindi um náttúru landsins, og Stefán Karlsson mag. art. um handritin. Farnar verða skoðunarferðir um Reykjavík og til nálægna staða.

Zontaklúbbar starfa að ýmiss

konar menningar- og mannúðarmálum. T.d. má geta þess að Zontaklúbbur Reykjavíkur hefur með námsstyrkjum og tækjagjöfum beitt sér fyrir umbótum í málum heyrnarskertra. Zontaklúbbur Akureyrar stofnaði og starfrækir Nonnasafnið á Akureyri og

Framhald á bls. 31

Farþegum fjölgar í innanlandsflugi Flugleiða

FARÞEGUM í millilandaflugi Flugleiða fækkaði um 2% fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra, en hins vegar fjölgaði farþegum innanlands um 19,2% á þessum sama tíma.

Í fréttatilkynningu, sem Morgunblaðinu barst frá Flugleiðum í gær, segir, að heildarflutningar með flugvélum Flugleiða hafi verið svipaðir fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs og á sama tímabili í fyrra. Farþegum í millilandaflugi hafi fækkað lítilsháttar, en vöruflutningar aukist verulega, svo og pósthutningar. Í innanlandsflugi hafi farþegaflutningar stóruaúkt en vöru-

flutningar dregist lítillega saman. Þá segir að pósthutningar innanlands hafi aukist.

Fyrstu sex mánuði þessa árs flugu 152.580 farþegar með millilandaflugvélum Flugfélags Íslands og Loftleiða og er það 2% færri farþegar en á sama tímabili í fyrra. Vöruflutningar milli landa hafa hins vegar aukist verulega. Þeir námu á fyrra helmingi þessa árs 16,5 millj. tonn-km. og jukust um 48,5%. Pósthutningar milli landa jukust um 12,4% miðað við sama tímabil í fyrra. Sem fyrr segir hafa farþegaflutningar innanlands aukist verulega á fyrstu sex mánuðum ársins. Frá 1. janúar til 30. júní voru fluttir á innanlandsleiðum 110.000 farþegar sem er 19,2% aukning miðað við sama tíma í fyrra. Vöruflutningar innanlands námu á þessu tímabili 573 þúsund tonn og minnkuðu um 4,2%. Pósthutningar jukust á hinn bóginn um 14,2%.

Nafn mannsins

MAÐURINN sem fórst í mótorkhólaslysinu í Reyðarfirði í fyrra dag hét Hrafn Halldórsson til heimilis að Brú í Jökuldal. Hann var á tuttugasta og áttunda aldursári.

Geðdeildin:

Verktaki á að skila sjúkradeildinni af sér 15. apríl

„EFTIR þeim tíma, sem tiltekinn er í útbodinu, þá á verktaki að skila sjúkradeildinni af sér 15. apríl 1978,“ sagði Jónas Haralz, formaður byggingarnefndar geðdeilda Landspítalans, er Mbl. spurði hann, hvenær fyrstu sjúkrarúmin á geðdeildinni yrðu tekin í notkun. En Jónas benti á, að deildin yrði ekki tilbúin til

reksturs 15. apríl og kvaðst ekki geta sagt til um, hvað langan tíma þyrfti til þess eftir að verktakinn skilaði af sér.

Í viðtali við Mbl., sem birtist sl. þriðjudag, skýrði Skúli Guðmundsson hjá Innkaupastofnun ríkisins frá því að verið væri að bjóða út ýmsa áfanga við geð-

deild Landspítalans og verða tilbodin opnuð 16. ágúst. Fyrsti áfanginn, sem tekinn verður í notkun, er göngudeild á fyrstu hæð, sem stefnt er að að opna í lok janúar og síðan verður hver áfanginn á fætur öðrum tekinn í notkun, en öll á geðdeildin að vera kominn í notkun í árslok 1979.

Gústafs E. Pálssonar minnzt í borgarstjórn

Í UPPHAFI borgarstjórnarfundar 9. ágúst minntist Ólafur B. Thors, forseti borgarstjórnar, Gústafs E. Pálssonar fyrrum borgarverkfærðings. Í máli sínu sagði Ólafur m.a. að í tíð Gústafs sem borgarverkfærðings hefði verið ráðizt í mörg stórvörk sem bæru vitni um áhuga hans. Gústaf hefði verið maður framkvæmdanna og hann hefði áunnið sér virðingu og vináttu allra sem hann þekktu. Borgarstjórn Reykjavíkur sendi því ættingjum Gústafs samúðarkveðjur. Borgarfulltrúar risu síðan úr sætum og vottuðu hinum látna með því virðingu sína.

Verkfall RARIK má ekki við óhöppum

„SAMNINGAR hafa ekki enn náðst við þá rafvirkja hjá RARIK sem ekki eru ríkisstarfsmenn“, sagði Sigurður Lárusson starfsmannastjóri í samtali við Mbl. í gær, „það voru fundir síðast í nótt, en án árangurs“.

Aðspurður svaraði Sigurður að ef upp kæmu alvarlegar bilanir á

meðan verkfall stendur yfir, þá væri erfitt að leysa málin, því lítill hluti af þeim rafvirkjum sem starfa hjá RARIK eru ríkisstarfsmenn. Þó sagði Sigurður að línurnar gætu gengið inn í sum störf rafvirkja, en öll tengivinnu væri hins vegar á hendi rafvirkja og tefur verkfallið alla tengivinnu, t.d. við Norðurlínuna.

3. stigs vélaskólanám — á Ísafirði

HINN 29. júlí s.l. fékkst samþykki menntamálaráðuneytisins fyrir starfrækslu þriðja stigs vélstjórnarnáms við Iðnskólann á Ísafirði. Hafa tólf nemendur þegar látið innritast og hefst kennslan á komandi haustönn með öðru skólalundi við Iðnskólann. Þriðja stig vélstjórnarnáms gefur réttindi til yfirvélstjórnar á skipum með allt að 1800 hestaflla vélarafl, að fenginni tilskilinni starfsreynslu. Eru nær allir Vestfjarðartogararnir innan þeirra marka.

Fram til þessa hefur nám til þriðja stigs einungis farið fram í Reykjavík. Fyrsta og annað stig vélaskóla hafa nú verið starfrækt á Ísafirði í sex ár samhliða öðrum námsbrautum við Iðnskólann, sem eru: almennt iðnnám, 1. stig stýrimannanáms, tækniteiknun og undirbúnings- og raungreina-deild tækniskóla.

Skólinn fékk viðbótarhúsnæði til ráðstöfunar sumarið 1975 og

með fjárhagsáætlun undanfarinna ára hefur m.a. verið stefnt að því að bæta tækjabúnað og kennsluáðstöðu að því marki að fært yrði að kenna til þriðja stigs vélstjórnarréttinda.

25—30 stiga hiti í Siglufirði

Siglufirði, 11. ágúst. STALVÍK landar hér í dag 150 lestum af stórum og góðum þorski. Þá er Selfoss að lesta frosinn fisk á Bandaríkjamarkað.

Hér er nú 25—30 stiga hiti í forselu og er þetta hlýjasti dagur sumarsins eða frá 17. júní s.l.